

Vogaskóli
Skólaspegillinn
2010-2011



Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Stefna og sérstaða skólans	5
1.2. Skólaþróun og sjálfsmatsaðferðir skólans.....	8
1.3. Matsspurningar	9
2. Skólasamfélag.....	10
2.1 Stjórnun.....	10
2.1.1 Markmið	10
2.1.2. Framkvæmd.....	11
2.1.3. Mat.....	12
2.2 Skipulag skólastarfs – starfsáætlun.....	12
2.2.1. Markmið	12
2.2.2. Framkvæmd.....	13
2.2.3. Mat.....	14
2.2.4 Aðgerðir til umbóta.....	14
2.3 Skimanir og árangur í samræmdum könnunarprófum	14
2.3.1. Markmið	15
2.3.2. Framkvæmd.....	16
2.3.3. Mat.....	16
2.3.4. Aðgerðir til umbóta.....	18
2.4 .Nemendur og líðan	18
2.4.1. Markmið	18
2.4.2. Framkvæmd.....	18
2.4.3. Mat.....	20
2.4.4. Aðgerðir til umbóta.....	20
2.5 Foreldrasamstarf	21
2.5.1. Markmið	21
2.5.2 Framkvæmd.....	21
2.5.3. Mat.....	22
2.5.4 Aðgerðir til umbóta.....	22
3. Verklag	23

3.1 Skólanámskrá.....	23
3.1.1 Markmið	23
Markmið skólanámskrár er að birta upplýsingar um:	23
3.1.2 Framkvæmd.....	23
3.1.3. Mat.....	24
3.1.4 Aðgerðir til umbóta.....	24
3.2.Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	24
3.2.1.Markmið	25
3.2.2 Framkvæmd.....	25
3.2.3 Mat	26
3.3 Fjölbreyttir náms- og kennsluhættir	26
3.3.1.Markmið	26
3.3.2 Framkvæmd.....	26
3.3.3 Mat.....	27
3.3.4 Aðgerðir til umbóta.....	27
3.4 Námsmat	27
3.4.1. Markmið	27
3.4.2 Framkvæmd.....	27
3.4.3 Mat.....	28
3.4.4 Aðgerðir til úrbóta.....	28
3.5 Heimasíða.....	28
3.5.1. Markmið	28
3.5.2. Framkvæmd.....	29
3.5.3. Mat.....	29
3.5.4 Úrbætur	29
3.6 Heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	29
3.6.1. Markmið	29
3.6.2. Framkvæmd.....	29
3.6.3. Mat.....	30
3.6. 4. Aðgerðir til umbóta.....	30
4. Mannauður	30
4.1. Mannauður	30

4.1.1. Markmið	30
4.1.2. Framkvæmd.....	31
4.1.3. Mat.....	31
4.1.4. Aðgerðir til umbóta.....	32
4.2.Samstarf	32
4.2.1. Markmið	32
4.2.2. Framkvæmd.....	32
4.2.3. Mat.....	32
4.2.4. Aðgerðir til umbóta.....	32
4.3 Starfsmenn og líðan	33
4.3.1 Markmið	33
4.3.2 Framkvæmd.....	33
4.3.3. Mat.....	33
4.3.4 Aðgerðir til umbóta.....	34
4.4 Símenntun	34
4.4.1. Markmið	34
4.4.2. Framkvæmd.....	34
4.4.3. Mat.....	34
4.4.4. Aðgerðir til umbóta.....	35
5.Fjármál	35
5. Fjármál	35
5.1.1. Markmið	35
5.1.2 Framkvæmd.....	36
5.1.3. Mat.....	36
5.1.4. Aðgerðir til umbóta.....	36
6. Umræða og greining á stöðu skólans	36
6.1 sterkir og veikir	38
7.Umbótaráætlun.....	38

1. Inngangur

Vogaskóli tók til starfa í desember 1958 og er því að hefja sitt 52. starfsár á þessu hausti. Skólinn er hverfisskóli í Vogahverfi og tilheyrir hverfi 2 í borginni. Vogaskóli er einn af eldri skólum borgarinnar og á sér langa og merka sögu. Hann er í grónu hverfi og er staðsettur nálægt náttúruperlum eins og Laugardal og Elliðaárdal. Vogaskóli er einsetinn, heildstæður grunnskóli frá 1. bekk og upp í 10. Skólastjóri Vogaskóla er Jónína Ólöf Emilsdóttir og aðstoðarskólastjóri Agnes Björnsdóttir. Við skólann starfa deildarstjórar yngra og eldra stigs auk deildarstjóra sérkennslu. Í skólanum starfa 48 starfsmenn skólaárið 2010-2011 í 45,8 stöðugildum, þar af kennarar í 28 stöðugildum. Í Vogaskóla eru 327 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2010-2011. Húsnæði skólans skiptist í eldri byggingu og nýbyggingu. Í eldri byggingu eru nemendur í 8.-10. bekk, félagsmiðstöð ÍTR (Buskinn), list- og verkgreinakennsla og aðstaða frístundaheimilis skólans (Vogasel). Í nýbyggingu eru nemendur í 1.-7. bekk, námsver, upplýsingaver, tungumála- og stærðfræðiver, tónmennt, heimilisfræði, skrifstofur stjórnenda, mötuneyti og matsalur

2. Stefna og sérstaða skólans

Stefna og framtíðarsýn Vogaskóla byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá og stefnu Reykjavíkurborgar. Gildin eru byggð út frá markmiðsgrein grunnskólalaganna (2 gr.) en þar kemur fram hlutverk grunnskóla, en honum er ætlað í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellndri þróun. Í stefnu skólans birtist sérstaða hans varðandi sjálft skólastarfið. Þar kemur meðal annars fram að á grundvelli innra mats sé gerð starfsáætlun til næsta skólaárs/ára. Starfsfólk skólans, nemendaráð og skólaráð (skv. grunnskólalögum nr. 91/2008/8.gr.) koma að innra mati og leggja í sameiningu línur um stöðugt þróunarstarf.

Stefna Vogaskóla

Að gagnkvæm virðing einkenni öll samskipti innan skólans.

Að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum, í þeirri trú að góð líðan skapi góðan árangur.

Að hver og einn fái nám við hæfi og áhersla verði á fjölbreytt námstækifæri.

Að nemandur taki ábyrgð á eigin námi, hegðun og skólaumhverfi.

Að þjálfa markvisst félagslega færni og samvinnu nemenda.

Að jafnrétti og lýðræði ríki í skólanum.

Að góð samvinna sé milli heimila og skóla.

Einkunnarorð

Einkunnarorð Vogaskóla eru **virðing, samvinna og ábyrgð**. Virðing fyrir hverjum og einum þar sem hver einstaklingur er einstakur og á að njóta sín á eigin forsendum. Starfið á að einkennast af samvinnu nemenda, foreldra og starfsfólki skólans. Hver og einn þarf að læra að bera ábyrgð á sínu námi/vinnu og framkomu. Jákvætt viðhorf og viðmót er lykillinn að því að gera einkunnarorðin sýnilegri innan skólafarfsins.

Framtíðarsýn skólans er sú að öllum nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum ásamt því að nemendur nái hámarksárangri út frá námi við hæfi.

Markmið

Skólanámskrá Vogaskóla gerir grein fyrir meginmarkmiðum í námi, kennslu og sérstöðu skólans. Námskráin byggir á Aðalnámskrá Grunnskóla frá 2011 og er í stöðugri endurskoðun. Skólanámskráin er endurskoðuð árlega af stjórnendum skólans og lögð fyrir almenna starfsmenn. Skólaráð fær hana til umfjöllunar og endurskoðunar. Í skólanámskránni er að finna ýmsa þætti er tengjast skólafarfinu eins og vímuvarnaráætlun, eineltisáætlun, áfallaáætlun, rýmisáætlun og forfallaáætlun.

Skólanámskrá Vogaskóla skiptist í þrjá hluta sem eru gefnir út formlega.

- Starfsáætlun sem er upplýsingarit um skólann og birt á heimasíðu hans.
- Kennsluáætlanir allra árganga, birtar á heimasíðu skólans
- Handbók kennara og starfsfólks sem er lýsing á ferlum og vinnureglum.

Ath. Handbók kennara og starfsfólks er ekki birt á heimasíðunni, þannig að það eru aðeins tveir hlutar skólanámskrárinnar sem eru birtir þar.

Sérstaða Vogaskóla

Vinabekkir (10. og 1. / 2. og 6. / 3. og 7. / 4. og 9. og / 5. og 8.) hittast nokkrum sinnum yfir skólaárið, hvor hjá öðrum, og spjalla, spila, syngja, lesa og vinna verkefni saman, sem kennarar skipuleggja. Þessi vinabekkjatengsl eru líka notuð í kirkjuferð og í sumum vorferðum, þar sem þau stóru gæta þeirra litlu og aðstoða þau.

Desember

Í desember er haldið í gamlar hefðir og atburðir í föstum skorðum ár eftir ár. Nemendur eru áhugasamir um að halda í þessar hefðir og vita að röðin kemur að þeim. Við byrjum á Lúsíuhátíð sem er 13. desember. Einnig er farið með sýninguna í Múlabæ.

Helgileikur er alltaf sýndur á jólaskemmtunum. Unglingadeild flytur helgileikinn og aðalleikarar eru úr 10. bekk. Helgileikurinn hefur verið sýndur óslitið í um 50 ár. Síðasta daginn fyrir jólaskemmtanir fer allur skólinn saman í Langholtskirkju.

Nemendaviðtöl

Einu sinni á hvorri önn taka umsjónarkennarar viðtöl við sína umsjónarnemendur. Markmiðið með viðtölunum er liður í að fylgjast með líðan nemenda. Umsjónarkennarar gera tengslakönnun í nemendahópnum áður en viðtölin eru tekin. Nemendur geta einnig komið með ákveðin mál til að ræða í nemendaviðtölunum.

Bekkjарfundir – Olweus

Undanfarin ár hefur verið unnið samkvæmt eineltisáætlun Olweusar. Hluti af þeirri áætlun eru bekkjarfundir sem eru haldnir eftir ákveðinni forskrift, reglulega í hverjum bekk. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá tilfinningar og sjónarmið og ræða samskiptamál. Markmiðið með bekkjarfundum er að leita leiða til að leysa þau með hliðsjón af bekkjar- og skólareglum.

Morgunsöngur

Á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 8:15 koma allir nemendur í 1. – 7. bekk saman í Salnum í morgunsöng. Þeir kennarar sem eru með bekkina á þessum tímum fylgja nemendum og taka þátt í söngnum með þeim.

Nemendaráð á unglíngastigi

Í byrjun skólaárs fara fram kosningar til nemendaráðs unglíngadeildar og í skólaráð. Allir nemendur unglíngadeildar geta boðið sig fram en 10. bekkir eiga 4 fulltrúa í nemendaráði og 8. og 9. bekkir tvo fulltrúa hvor. Níundi fulltrúinn er ekki bundinn bekk, er svokallaður flakkari. Fyrir kosningarnar er þemavinna hjá unglíngunum þar sem fjallað er um lýðræði, ábyrgð kjósenda og frambjóðenda. Frambjóðendur fá tækifæri til að kynna sig og sín stefnumál á sameiginlegum fundum allra nemenda unglíngadeildar. Nemendaráðið, í samvinnu við félagsstarfskennara og félagsmiðstöðina í skólanum, sér um að skipuleggja félagsstarf nemenda.

Skrekkur

Vogaskóli hefur á hverju ári tekið þátt í hæfileikakeppni grunnskólanna og fer undirbúningur af stað fljótlega eftir að skóli hefst að hausti. Umsjón er í höndum félagsstarfskennara.

Árshátíð

Árshátíð unglíngadeildar Vogaskóla er haldin í mars. Skipulag er í höndum félagsstarfskennara og árshátíðarnefndar nemenda.

1.2. Skólaþróun og sjálfsmatsaðferðir skólans.

Í stefnu skólans birtist sérstaða hans varðandi sjálft skólastarfið. Þar kemur m.a.fram að á grundvelli innra mats sé gerð starfsáætlun næsta skólaárs eða skólaára. Starfsfólk skólans, nemendaráð og skólaráð skv. grunnskólalögum nr. 91/2008, skv.8.gr., koma að innra matinu og leggja í sameiningu línurnar um stöðugt þróunarstarf.

Haustið 2007 fengu kennarar við Vogaskóla styrk til að vinna að heildstæðri lestrarstefnu við skólann með það að markmiði að ákveðið flæði skapist milli allra árganga og að nemendur læri lestur alla skólagönguna. Lestrarstefnan sem mótuð var hefur tekið gildi í skólanum og er unnið eftir henni að samfelli í lestri frá 1.-10. bekk

Mikil umræða um nám og námsmat, kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám hefur farið fram í skólanum undanfarin ár. 2 þróunarverkefni voru í gangi í vetur og var sótt um styrki til þess fyrir hönd skólans. Fyrra þróunarverkefnið var í byrjendalæsi ætlað til að efla lestrargetu yngstu nemenda og eru kennarar í 1. 3. bekk í því þróunarstarfi. Seinna þróunarverkefnið var um námsmat“Mál að meta” en það var sameiginlegt þróunarverkefni í hverfi 2. Einnig eru þróunarverkefni í gangi þar sem einstaka kennarar sóttu um styrki. Fyrra verkefnið er um gerð möppu þar sem tiltekin eru verkefni sem vinna þarf í skóla til að ná fram betri líðan nemenda í anda Olweusar gegn einelti. Seinna verkefnið er um portfolio möppur í list- og verkgreinum. Umbóta- og þróunaráætlun Vogaskóla 2007-2010 er gerð á grundvelli styrk- og veikleikagreiningar (svot-greining). Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2010-2011 er unnið að 11 umbótaþáttum í fjórum víddum, undir skólastarfi eru verkefni sem snúa að sterkri sjálfsmynd nemenda, ábyrgð nemenda á eigin hegðun og skólaumhverfi og góðri samvinnu við heimilin og grenndarsamfélagið. Undir verklagsvíddinni eru verkefni; fjölbreytni í kennslu, námsmati og lestri, viðbrögð gegn einelti, agi og samskipti, skólanámskrá og heimili og skóli. Í mannauðsvíddinni eru virk starfsmannastefna, starfsánægja og gott upplýsingaflæði. Í fjármálavíddinni er umbótaverkefnið að standast fjárhagsáætlun. Í stefnumiðuðu árangursmati (Balanced Scorecard) og umbótaráætlun eru þessi verkefni nánar útfærð með aðgerðum og mælikvörðum.

Í grunnskólalögum segir að meta eigi með kerfisbundum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmann, nemenda og foreldra eftir því sem við á og skólinn eigi að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (lög um grunnskóla nr.91/2008).

Matið byggir allt í senn á formlegu mati- og óformlegu og á innra- og ytra mati. Matinu er ætlað að vera altækt og árangursmiðað og mæla hvernig skólanum hefur tekist að ná tilætluðum árangri. Markmiðið er að stuðla að umbótum í skólastarfi, auka gæði náms og skólastarfs. Einnig að veita upplýsingar um starfið til fræðslufirvalda, nemenda, foreldra, og starfsfólks.

Markmiðið er líka að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum ((lög um grunnskóla nr.91/2008).

Við sjálfsmatið var m.a. stuðst við ýmis gögn um skólann, bæklinga sem skólinn hefur gefið út, skýrslur og samantektir um starf skólans og margt fleira. Hér má nefna Skólanámskrá Vogaskóla, Starfsáætlun og bækling um Vogaskóla og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Viðmið Menntasviðs Reykjavíkur um góðan skóla og framtíðarmarkmið hans, Framtíðarsýn grunnskóla 2007 – 2020, ýmsar skýrslur um skólann s.s. úttekt á skólanámskrá, fundagerðir sem skólinn á, upplýsingar frá skólaráði og margt annað. Niðurstöður sjálfsmatsins eru settar í sjálfsmatsskýrslu og kynnt lögaðilum eins og skólaráði, foreldrum, starfsfólki og Menntasviði og einnig er skýrslan birt á heimasíðu skólans.

Innra mat skólans byggir einkum á starfsmannakönnun, nemendakönnuninni skólapúlslinum og foreldrakönnun. Þá eru fjölmargar ytri kannanir teknar til greiningar s.s. kannanir Capacent fyrir Menntasvið Reykjavíkur sem gerð er meðal forráðamanna barna í Vogaskóla og einnig vinnustaðagreining sem gerð er meðal starfsfólks í grunnskólum Reykjavíkur.

Námsárangur skólans í samræmdum prófum er skoðaður og borinn saman milli ára og við meðaltal annarra skóla (lokamat). Framfarir milli 4.-7. bekkjar og 7. til 10. bekkjar eru einnig skoðaðar ásamt Lesskimun og Talnalykli.

1.3. Matsspurningar

Matsspurningar sem lagt er upp með:

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
2. Eru kennsluhættir og mat á námi líklegt til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt árangur?
3. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti, líðan og umhverfi.
4. Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

Á skólaárinu 2010 -2011 var unnið að sjálfsmati Vogaskóla með efirfarandi þáttum:

- Olweusarkönnun lögð fyrir í nóvember og fylgt eftir með kynningum.
- Tengslakannair eru lagðar fyrir tvisvar á skólaári og oftast ef þurfa þykir.
- Heildarmat var gert á skólanum síðastliðið vor og skilað haustið 2010. Heildarmatið var unnið af Menntasviði Reykjavíkur og umbótaáætlun var síðan unnin út frá því.
- Viðhorfskönnun „Skólapúlsinn” er lögð fyrir nemendum fjórum sinnum á skólaárinu. Viðhorfskönnun foreldra var lögð fyrir á foreldradegi í október 2010.
- Starfsmannakönnun var lögð fyrir í febrúar 2011.
- Rannsókn Háskóla Íslands Starfshættir í grunnskólum (Vagnarnir).

2. Skólasamfélag

Í þessum kafla er fjallað um stjórnun, skipulag skólastarfsins (ytri ramma) og samstarf skóla og heimilis. Einnig áherslur skólans og árangur náms eins og hann kemur fram í skimunum og samræmdum könnunarprófum og Pisa könnunum. Skipurit skólans kemur fram í starfsáætlun hans og þar er að finna helstu upplýsingar um starfsemi skólans, fyrirkomulag kennslu og námsmats. Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um starfið og starfsmenn.

2.1 Stjórnun

Hér er fjallað um stjórnun skólans eins og hún birtist í skipuriti, fundi og faglega stjórnun, s.s. fagstjórn, stigstjórn, skólaráð og fleira sem við á. Í lögum um grunnskóla (nr.91/2008 1. og 2. kafla) kemur m.a. fram að grunnskólinn skuli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Grunnskólinn skal einnig stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

2.1.1 Markmið

Stjórnendur starfa eftir ígrundaðri skólastefnu og skipta með sér verkefnum til að stjórnunin verði skilvirk og uppfylli markmið grunnskólalaga og viðmið Reykjavíkurborgar um góðan skóla. Upplýsingaflæði til foreldra, starfsmanna og nemenda er skilvirkt og skólastjórnendur eru sýnilegir og starfsfólk, foreldrar og nemendur hefur greiðan aðgang að þeim.

2.1.2. Framkvæmd

Skólastjóri stýrir skólanum og veitir faglega forystu. Hann sér um rekstur og fjármál skólans, ræður starfsmenn og skipuleggur daglegt starf ásamt öðrum stjórnendum skólans. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrír deildarstjórar mynda stjórnunarteymi skólans. Deildarstjórar yngra stigs (1.-7. bekkja) og eldra (8.-10. bekkja) eru í hálfu starfi sem stjórnendur og hálfu sem kennarar, deildarstjóri sérkennslu er í 65% starfi sem stjórnandi. Skipurit skólans kemur fram í starfsáætlun skólans. Starfslýsingar fyrir stjórnendur og aðra starfsmenn skólans er einnig að finna á sameign skólans. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri hittast tvisvar til þrisvar í viku og tala saman daglega. Þeir skipta með sér verkum þannig að skólastjóri sér um samskipti út á við en aðstoðarskólastjóri inn á við í skólanum. Stjórnendateymið hittist á föstum fundum einu sinni í viku til ákvarðanatöku og stefnumótunar og oftast ef þurfa þykir. Deildarstjórar yngra og eldra stigs stýra stigsfundum með kennurum á stiginu, boða þá með dagskrá og senda út fundargerðir eftir fundina. Þeir sjá um skipulag varðandi námsmat og sjálfsmat nemenda, veita kennurum ráðgjöf varðandi kennslu og val á námsefni, aðstoða kennara við úrlausn agamála og ýmislegt fleira. Á stigsfundum er farið yfir starfið framundan og viðburði í skólalífinu. Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur sérkennsluna og tíma þeirra kennara og stuðningsfulltrúa sem þar starfa. Hann sér um að aðlaga stundatöflur nemenda sem eru að hluta til í sérkennslu og að hluta til inni í bekk og hann stýrir námsveri skólans. Deildarstjóri fundar reglulega með kennurum í sérkennslu og stuðningsfulltrúum.

Fastir fundartímar eru tvisvar í viku, á þriðjudögum eru kennarafundir og starfsmannafundir og á fimmtudögum stigsfundir og teymisfundir. Viðvera starfsmanna er á þessum tíma ef ekki er boðað til funda. Í handbók starfsmanna er fjallað um skipulag funda, fundastjórn og fundaritun. Skólaráð Vogaskóla hittist 6 sinnum yfir veturinn og að hausti er gerð starfsáætlun fyrir skólaárið sem birt er á heimasíðu skólans. Skólaráðið vinnur eftir grunnskólalögum (nr.91/2008 8.gr.) en þar segir:

„Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólalífið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

2.1.3. Mat

Stuðst er við viðhorfskannanir starfsfólks og foreldra þegar mat er lagt á stjórnunarhætti skólans. Styrk og veikleikagreining er gerð árlega með starfsfólki skólans sem einnig er nýtt við matið.

Vogaskóli hefur tekið þátt í viðamikilli rannsókn undanfarin tvö skólaár sem nefnist Starfshættir í grunnskólum og nú eru komnar niðurstöður m.a. varðandi stjórnun skólans. Í spurningu um stjórnun skólans í Foreldrakönnun Menntasviðs 2010 segjast 78% svarenda vera ánægðir með stjórnunina, þar af segjast tæp 40% vera mjög ánægðir. Meðaltalsánægja með stjórnun skólans árið 2010 var 4,1 sem er aðeins yfir meðaltali í borginni (4,0).

Heildarmat á Vogaskóla var gert skólaárið 2009 – 2010. Í rýnihópi foreldra þar kemur fram ánægja með mikinn metnað skólastjóra gagnvart skólanum. Í heildarmatinu kom einnig fram í rýnihópi að foreldrar meta samskipti við skólastjórnendur almennt ágæt, en að deildarstjórar hafi of mikið á sínum herðum sérstaklega á yngra stigi sem nær yfir 1. -7. bekk .

Í viðhorfakönnun foreldra í október 2010 kemur fram að rúmlega 90% foreldra eru mjög ánægð eða ánægð með skólann. Markmið skólans samkvæmt stefnumiðuðu árangursmati fyrir þetta skólaár er að 90% foreldra séu ánægðir með skólann.

2.2 Skipulag skólastarfs – starfsáætlun

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008, 29. grein skal hver skóli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskráin er útfærsla skóla á því hvernig hann hyggst ná fram markmiðum og inntaki Aðalnámskrá grunnskóla í sínu starfi. Þar kemur einnig fram hvernig námsmati og og mati á árangri og gæðum skólastarfs er háttað. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu og aðstæðum hvers skóla fyrir sig og skal endurskoða hana reglulega. Starfsáætlun Vogaskóla er endurskoðuð árlega, hún er hluti af skólanámskránni og hefur að geyma helstu upplýsingar um skipulag og starf skólans.

2.2.1. Markmið

Starfsáætlun Vogaskóla hefur að geyma ýmsar upplýsingar um það hvernig skólinn útfærir ýmis almenn og fagbundin markmið Aðalnámskrár s.s. verklag, skipulag kennslu, kennsluhætti og námsmat.

Í starfsáætlun Vogaskóla er gerð grein fyrir skóladagatali og stefnu skólans. Gerð er grein fyrir sérstöðu og skipulagi kennslu, námsmati og meðferð agamála. Einnig er þar að finna upplýsingar um stoðþjónustu og samskipti heimila og skóla. Starfsáætlunin er birt á heimasíðu skólans.

Starfsáætlunin er upplýsingarit fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra og á að auðvelda samskipti þeirra á milli.

2.2.2. Framkvæmd

Í Vogaskóla er lögð áhersla á nám við hæfi, greinandi námsmat, fjölbreytta kennsluhætti og samvinnu kennara. Markmið skólans er að auka ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun og skólaumhverfi. Skólinn ber faglega ábyrgð og velur árangursríkustu leiðirnar til að ná fram þeim markmiðum sem sett eru. Kennsluáðferðir og vinnubrögð taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins. Jafnréttisáætlun skólans leggur áherslu á að kennsluáðferðir og verklag mismuni ekki nemendum eftir kynferði, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.

Vikulegur stundafjöldi nemenda í 1. – 4. bekk er 1200 mínútur. Í 5. – 7. bekk er hann 1400 mínútur og í 8. – 10. bekk er hann 1440 mínútur.

Í skólanámskrá Vogaskóla koma fram markmið og leiðir sem eru útfærðar fyrir hvern árgang og þar eru m.a. megináherslur í námsmati settar fram. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru list- og verkgreinar ekki skyldufög í 9. og 10. bekk, þess í stað fá nemendur að velja um ýmsar greinar, bæði bók- og verklegar. Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa. Það er samkensla árganga í 2. til 7. bekk og er nemendum skipt upp í minni námshópa sem eru breytilegir allt skólaárið. Markmiðið er að koma til móts við hvern og einn. Umsjónarkennarar sinna stórum hluta kennslunnar, en fagreinakennsla er í ensku, dönsku, íþróttum og list- og verkgreinum. Lífsleikni er kennd frá 1. bekk og upp í 10. bekk. Íþróttakennsla er í íþróttahúsi MS, en sundkennsla fer fram í Laugardalslauginni og eru nemendur keyrðir í rútu á milli. Í 6. og 7. bekk er hringekja með song- ogleiklist, tölvum og útikennslu. List- og verkgreinar eru kenndar í lotum. Þær skiptast í smíði, textíl, myndmennt, og heimilisfræði. Nemendum árgangs er skipt í jafnmarga hópa og list- og verkgreinarnar eru og færast nemendur á milli. Tónmennt er kennd í 1. - 6. bekk, tvær kennslustundir á viku.

Skipulag í 8. - 10. bekk Á unglíngastiginu er meiri faggreinakennsla en á yngri stigum Í 8. bekk eru list- og verkgreinar kenndar í lotum. Uppbrotstímar eru einu sinni í viku, tvær kennslustundir í senn. Þá vinna allir nemendur unglíngadeildar í aldursblönduðum hópum. Viðfangsefni uppbotstíma eru fjölbreytt s.s. útivist, skákkennsla, handverk og

hönnun. Nemendum í 9. og 10. bekk gefst kostur á að fá þátttöku sína í íþróttum og listnámi metna til valgreina. Allar valgreinar eru metnar til einkunna, vinnu og/eða prófseinkunna, og í þær er sama mætingarskylda og í kjarnagreinar.

Heimanám er mikilvægur hluti af námi nemenda. Heimanámið er á ábyrgð nemenda og foreldra þeirra. Heimanámsáætlanir eru að öllu jöfnu settar vikulega/daglega inn á Mentor. Það á að auðvelda nemendum að hafa yfirsýn til hvers er ætlast af þeim og einnig að auðvelda foreldrum að fylgjast með heimanámi barna sinna. Einnig er boðið upp á aðstoð við heimanám á bókasafni skólans einu sinni í viku.

Við skólann er námsver og sér deildarstjóri sérkennslu um skipulag þess. Sérkennsla er einkum veitt þeim sem þurfa sérstakan stuðning í lestri, íslensku og/eða stærðfræði. Ýmist er sérkennslan veitt inni í bekk eða í hóptímum í námsveri skólans. Sveigjanleiki er jafnan hafður að leiðarljósi og unnið er markvisst í samvinnu við foreldra/forráðamenn. Í Aðalnámskrá grunnskóla eru ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku Nýbúakennari er starfandi við skólann. Áhersla er lögð á íslensku og félagslega færni í tímum hjá nýbúakennara. Starfsáætlun skólans er leiðarljós starfsfólks og foreldra sem kemur inn á flesta þætti skólastarfsins. Á starfsmannafundum er reglulega fjallað um ýmis atriði í starfsáætlun sem betur mega fara og á vorönn 2011 voru viðurlög við skólareglum endurskoðuð.

2.2.3. Mat

Að vori er farið yfir starfsáætlun næsta skólaárs með starfsfólki skólans og metið hvað betur má fara frá fyrri starfsáætlun. Áætlunin er kynnt á starfsmannafundi og skólaráð fær hana til umfjöllunar og endurgjafar. Starfsáætlun er send til Menntasviðs Reykjavíkur til yfirferðar.

2.2.4 Aðgerðir til umbóta

Markviss og heildstæð áætlun er sett fram varðandi samvinnu heimila og skóla með sérstaka áherslu á samstarf allra aðila.

2.3 Skimanir og árangur í samræmdum könnunarprófum

Í Vogaskóla er fylgst vel með framförum allra nemenda með prófum og könnunum sem lagðar eru reglulega fyrir nemendur. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og í 1. og 2. bekk eru lögð fyrir markviss próf og skimanir til að finna sem fyrst þá nemendur sem eru í áhættu vegna lestrar- eða annars konar námserfiðleika. Að hausti leggur talkennari framburðarpróf fyrir alla

nemendur í 1. bekk og annast þjálfun þeirra nemenda sem þurfa á talþjálfun að halda. Lestrarskimanir eru lagðar fyrir í fyrstu bekkjum og stærðfræðiskimun er lögð fyrir í 3. bekk. Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir nemendum í 4., 7. og 10. bekk í íslensku og stærðfræði. Hlutverk þeirra er að veita nemendum, foreldrum og kennurum upplýsingar um stöðu nemandans miðað við jafnaldra hans á landinu öllu. Niðurstöður samræmdu prófanna eru notaðar við sjálfsmat skólans og gefa vísbendingar um gæði kennslunnar í skólanum. Framfarastuðull samræmdra könnunarprófa gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því að árgangurinn þreytti samræmd könnunarpróf fyrir á námsferlinum.

Skimunarpróf:

1. bekkur – Boehm (hugtakaskilningur), Stafakönnun (lestrarkönnun), Læsi og athugun á framburði (talkennari).
2. bekkur – Læsi
3. bekkur – Talnalykill – stærðfræðiskimun
2. – 7. bekkur – Aston Index (stafsetning)
4. og 7. bekkur – Samræmd könnunarpróf
8. bekkur – Hraðapróf / lesskilningspróf
9. bekkur – GRP14 (skimun dyslexia)
10. bekkur – Samræmd könnunarpróf

Lestrarstefna Vogaskóla sem unnin var sem þróunarverkefni skólaárið 2007 – 2008 var að fullu tekin í notkun skólaárið 2009 – 2010. Lestrarstefnan leggur ríka áherslu á samfelli í lestri frá 1. – 10. bekk og reglulegar skimanir og próf. Lestrarstefnuna er að finna á heimasíðu skólans

2.3.1. Markmið

Samræmd könnunarpróf eru til þess að veita nemendum, foreldrum og kennurum upplýsingar um stöðu nemandans miðað við jafnaldra hans á landinu öllu.

Markmið skólans er:

- Að nemendur nái hámarksárangri á samræmdum könnunarprófum.
- Að vinna út frá snemmtækri íhlutun svo nemendur með sértæka erfiðleika s.s. lestrarerfiðleika greinist við upphaf skólagöngu og fá sérhæfa þjónustu.
- Að finna með skimunarprófum þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð og frekari greiningu.

- Að skipuleggja frekara nám nemenda út frá niðurstöðum skimunarprófa og samræmdra könnunarprófa með áherslu á styrkleika hvers og eins.
- Að fylgjast með framvindu náms í öllum árgöngum.

2.3.2. Framkvæmd

Í kjölfar skimunar- og samræmdra könnunarprófa er unnið markvisst með niðurstöðum. Þær eru kynntar kennurum og foreldrum og fjallað um þær, bæði það sem vel hefur gengið og hvað má betur fara. Áætlanir eru gerðar varðandi þá þætti sem þarfnast úrbóta og hvernig hægt er að koma nemandanum til aðstoðar með stuðningi, sérkennslu eða einstaklingnámskrá.

Heildstæð lestrarstefna var sett í framkvæmd haustið 2009 þar sem áhersla er á samfellu í lestri frá 1. og upp í 10. bekk. Öll lestrarpróf voru yfirfarin og endurgerð sem og leiðbeiningar með prófunum sem eykur samræmt mat innan skólans á raddlestri bæði í hraða- og framsagnarprófum. Bæði gagnvirkur lestur og hugarkort voru teknar inn í stefnuna. Þessar aðferðir hafa verið kenndar á námskeiðum fyrir kennara skólans og í kjölfarið teknar inn í flest allar bóklegar námsgreinar. Haustið 2010 fóru kennarar í 1. – 3. bekk á námskeið í byrjendalæsi og í framhaldinu er skólinn þátttakandi í þróunarverkefni í því. Í símenntunarstefnu kennara hefur verið lögð áhersla á lestur og lesskilning ásamt fjölbreyttum kennsluáðferðum.

2.3.3. Mat

Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum.

Í töflunum hér á eftir eru tölurnar fengnar með því að reikna meðaltal einkunna í íslensku og stærðfræði fyrir Vogaskóla, Reykjavík og landið. Síðan eru tölur Reykjavíkur og Vogaskóla bornar saman og staða skólans reiknuð út frá þeim.

Meðaltal í íslensku og stærðfræði í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk.

	2007	2008	2009	2010
Landið	6,5	6,6	6,05	6,4
Reykjavík	6,5	6,65	6,2	6,5
Vogaskóli	6,95	7,39	6,86	6,31
Rvk/Vog	+0,45	+ 1,11	+ 0,66	- 0,2

Eins og sést í töflunni hér að ofan er Vogaskóli yfir meðaltali árið 2007 – 2009 en er undir meðaltali Reykjavíkur og landsins árið 2010.

Meðaltal í íslensku og stærðfræði í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk.

	2007	2008	2009	2010
Landið	7	6,8	6,6	6,4

Reykjavík	7	6,95	6,75	6,5
Vogaskóli	7,35	6,76	6,9	6,39
Rvk/Vog	+0,35	0,19	+ 0,15	- 0,11

Eins og sést í töflunni hér að ofan er Vogaskóli yfir meðaltali árið 2007 – 2009 en er undir meðaltali Reykjavíkur og landsins árið 2010.

Meðaltal í íslensku og stærðfræði í samræmdum könnunarprófum í 10. bekk.

	2007	2008	2009	2010
Landið	6,31	6,2	5,93	6,6
Reykjavík	6,55	6,5	6,13	6,73
Vogaskóli	6,8	7,2	6,44	6,73
Rvk/Vog	+0,25	+0,7	+0,31	0,0

Eins og sést í töflunni hér að ofan er Vogaskóli yfir meðaltali árið 2007 – 2009 en fylgir meðaltali Reykjavíkur árið 2010.

Framfarastuðull Vogaskóla fylgir meðaltalinu eða er nokkuð vel yfir því og er árangur í stærðfræði í 10. bekk 0,5 yfir meðaltalinu. Framfarastuðull sem mældur var árið 2006 sýnir svipaða stöðu svo skólinn heldur sér við eða yfir landsmeðaltali.

Niðurstöður úr Talnalykli

	Reykjavík	Vogaskóli
2007	68%	77%
2008	66%	82%
2009	69%	83%
2010		

Í töflunni hér að ofan má sjá að árin 2007 - 2009 var hlutfall þeirra nemenda í 3. bekk í Vogaskóla sem fóru í 1. þrep og þurftu ekki fara í næstu þrep töluvert hærra en í Reykjavík.

Niðurstöður í 1. bekk í skólum byrjendalæsis Árangur Vogaskóla miðað við árangur allra byrjendalæsissskóla. Alls þreyttu 1245 nemendur af 1276 prófið og náðu 66% þeirra yfir 60% árangri. Í Vogaskóla tóku allir nemendur prófið og náðu 77% yfir 60% árangri.

Niðurstöður í 2. bekk í skólum byrjendalæsis Árangur Vogaskóla miðað við árangur allra byrjendalæsissskóla. Alls þreyttu 1230 nemendur af 1251 prófið og náðu 65% þeirra yfir 60% árangri. Í Vogaskóla tóku allir nemendur prófið og náðu 75% yfir 60% árangri.

Vogaskóli hefur undanfarin tvö ár verið undir meðaltali Reykjavíkur í Læsi svo árangur hefur náðst með þróunarverkefninu byrjendalæsi.

2.3.4. Aðgerðir til umbóta

Gerð hefur verið umbótaáætlun varðandi þá þætti sem komu illa út í samræmdu könnunarprófunum árið 2010. Áfram verður unnið með byrjendalæsi.

2.4 .Nemendur og líðan

Í 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 um rétt nemenda segir að allir nemendur eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Auk þess segir að taka skuli tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er. Í 10. grein sömu laga segir að við grunnskóla skuli starfa nemendafélag sem vinnur að félags- hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum auk þess sem hann er ábyrgur fyrir stofnun þess. Í starfsáætlun Reykjavíkurborgar 2008 segir að markvisst skuli unnið að því að byggja upp jákvæða og sterka sjálfsmynd og góða andlega og líkamlega líðan. Nemendur fái þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og skoðanaskiptum og taki virkan þátt í að móta daglegt skólastarf og hafa áhrif á námsleiðir sínar.

2.4.1. Markmið

Einkunnarorð Vogaskóla eru **virðing, samvinna og ábyrgð**. Virðing fyrir hverjum og einum þar sem hver einstaklingur er einstakur og á að njóta sín á eigin forsendum. Starfið á að einkennast af samvinnu nemenda, foreldra og starfólks skólans. Hver og einn þarf að læra að bera ábyrgð á sínu námi/vinnu og framkomu. Í stefnu skólans er leitast við að efla og þjálfa markvisst félagslega færni og samvinnu nemenda. Að jafnrétti og lýðræði ríki í skólanum og að góð samvinna sé milli heimila og skóla.

2.4.2. Framkvæmd

Á undanförunum árum hefur Vogaskóli byggt upp skólastarf þar sem nemendum líður vel og áherslur í námi og kennslu eru öðru fremur nemendamiðaðar. Skólinn hefur stefnt að einstaklingsmiðuðu námi sem m.a. hefur birst í því að nemendur fá verkefni sem hæfir getu

þeirra. Við Vogaskóla starfar nemendafélag og fer nemendaráð með stjórn þess.

Félgasstarfskennari skólans situr fundi nemendaráðs og heldur utan um skipulagningu. Hlutverk nemendaráðs er að starfa að félagsmálum nemenda, vinna úr hugmyndum þeirra og jafnframt að virkja sem flesta nemendur til að taka þátt í félagslífi skólans. Kosningar í nemendaráð fara fram á haustin, nemendur vinna verkefni tengd lýðræði og mannréttindum. Þeir sem hafa áhuga á að vera í nemendaráði bjóða sig fram og flytja framboðsræður. Kosningar eru leynilegar. Eitt af markmiðum skólans er að hafa regluleg nemendaviðtöl í öllum árgöngum þar sem umsjónarkennari tekur einstaklingsviðtöl við alla nemendur sína. Þá er rætt um líðan, félagatengsl, samskipti og annað sem snertir velferða nemandans. Í nemendaviðtölum gefst tækifæri á að mynda persónulegri tengsl milli kennara og nemenda.

Formlegt sjálfsmat nemenda fer fram tvisvar á ári, markmiðið með því er að nemendur meti námsstöðu og líðan sína. Foreldrar meta einnig námstöðu og líðan barna sinna. Í foreldraviðtölum gefst tækifæri til að ræða sjálfsmatið við nemanda og foreldri.

Samstarf vinabekkja er fastur liður í skólastarfinu. Hver bekkur á sinn vinabekk innan skólans og hittast þeir nokkrum sinnum yfir skólaárið og vinna saman að margvíslegum verkefnum.

Markmiðið er að brúa bilið á milli árganga og efla félagsleg tengsl.

Skólinn hefur tekið þátt í verkefni jafnréttisstofu og unnið verkefni í 4. bekk sem heitir „Jafnrétti á landnámsöld“. Unnið er markvisst að því að auka og efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í skólastarfi. Með aukinni áherslu á kennslu í lífsleikni vill skólinn efla nemendur til að taka sjálfstæðar ákvarðanir, bera ábyrgð á námi sínu, styrkja sjálfsmynd þeirra og auka samkennd.

Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti. Eineltisteymi er starfandi við skólann og er hlutverk þess að veita kennurum stuðning við úrlausn eineltismála. Unnið er eftir aðgerðaáætlun samkvæmt kerfi Olweusar (Heimasíða Vogaskóla). Skólinn notar Skólapúlsinn,

vefkönnunarkerfi fyrir nemendur 6. – 10. bekk. Það veitir skólastjórnendum stöðugan aðgang að upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum landsins.

2.4.3. Mat

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum svöruðu 76,2 % nemenda því að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er aðeins yfir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72,4% (Ungt fólk, 2009). Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6. - 10. bekk í apríl 2010 þar sem spurt er um trú á eigin getu eru nemendur yfir landsmeðaltali í bæði íslensku og stærðfræði. Spurningin um sjálfsálit er nálægt landsmeðaltali, svo og spurningar um stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan. Spurningar um skóla og bekkjaranda sýna jákvæðar breytingar frá síðustu mælingu og fylgja flestar landsmeðaltali nema spurning um aga í tímum sem mælist undir landsmeðaltali. Í könnun Skólapúlsins sem gerð var haustið 2010 er vanlíðan nemenda í Vogaskóla heldur minni en landsmeðaltal, Vogaskóli mælist með 4,63 en landið 4,83 Kvíði mældist einnig minni í Vogaskóla eða 4,34 á móti landsmeðaltali 4,70. Í síðustu könnun skólapúlsins kemur fram að nemendur í Vogaskóla hafa meira sjálfsálit (+0,68) heldur en jafnaldrar þeirra á landsvísu (0,19). Einnig segjast þeir hafa betri stjórn á eigin lífi (+0,69) en nemendur á landsvísu, eru með stuðulinn (0,27). Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir 12. 10. 2010 kemur fram að 45,30% telja að barninu líði mjög vel og 46,41% telur að barninu líði frekar vel.

Nemendur í rýnihópum, í Heildarmati á skólastarfi, tala um að þeim líði vel í skólanum og halda að öðrum líði líka vel. Þeim finnst þeir öruggir „bæði inni og úti“. Þeir kannast við einelti og nefna dæmi um það í öllum rýnihópum, en segja líka að við því sé brugðist „það er farið yfir þetta allt og það er mikið gert í þessu“.

Í einum rýnihópnum kemur fram það mat nemenda að nýta mætti bekkjarfundi og umsjónartíma betur til að ræða mál af þessu tagi.

Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru góðir, skemmtilegir, útskýra vel og hrósa mikið en þó eru sumir þeirra „erfiðari en aðrir“. Sumir halda ekki athygli krakkanna, kemur líka fram í rýnihópi og best er að kennarar séu „sanngjarnlega strangir“.

2.4.4. Aðgerðir til umbóta

Eins og fram hefur komið er markvisst unnið að bættri líðan nemenda í skólanum, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða nemendahópa.

2.5 Foreldrasamstarf

Í grunnskólalögum nr.91/2008 í 8. gr kemur fram að við grunnskóla skuli starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Foreldrar skulu eiga tvo fulltrúa í ráðinu. Í 8. gr. sömu laga kemur fram að foreldrar eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og skólagöngu barna sinna. Í 9. grein segir einnig að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur m.a. fram að menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Í stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2011 segir að foreldrar eru hvattir til virkrar þátttöku í skólastarfinu, fái fræðslu um mikilvægi sitt í skólagöngu barnsins og er með ýmsu móti boðið til samstarfs við skólann. Stutt er við foreldrasamstarfið með markvissri upplýsingamiðlun.

2.5.1. Markmið

Í Vogaskóla er lögð sérstök áhersla á að stuðla að góðu samstarfi á milli heimila og skóla og auka þátttöku foreldra/forráðamanna í skólastarfinu. Leiðir til að ná þessum markmiðum eru meðal annars að:

- Gott upplýsingastreymi sé á milli heimila og skóla.
- Einnig að foreldrar/forráðamenn fái að vita um allar breytingar á skólastarfi með góðum fyrirvara.
- Virk samvinna allra, sameiginleg sýn og stefna.

2.5.2 Framkvæmd

Fastur liður í upplýsingagjöf til foreldra eru kynningarfundir á vetrarstarfinu að hausti þar sem vetrarstarfið er kynnt. Markmiðið með þessum fundum er að kynna foreldrum starfið í skólanum og efla þannig tengsl heimilis og skóla. Umræðugrundvöllur skapast á þessum fundum og foreldrar kynnast betur. Markmiðum skólans í samskiptum við foreldra og upplýsingamiðlun er fylgt eftir með eftirtöldu:

- Fastir, vikulegir viðtalstímar allra kennara sem foreldrar eru hvattir til að nýta sér.
- Vikulegur póstur umsjónarkennara til foreldra.
- Foreldrar geta talað við skólastjórnendur þegar þess gerist þörf.
- Virk netföng allra kennara og stjórnenda skólans.

- Tveir foreldradagar á vetri.
- Heimasíða þar sem fjölmargar upplýsingar er að finna, meðal annars fréttir og myndir af skólastarfinu, tilkynningar og innkaupalista.
- Starfsáætlun Vogaskóla er á heimasíðu skólans.
- Bæklingur um valgreinar í 9. og 10. bekk.
- Ýmsar fréttir og tilkynningar í gegnum mentor.
- Fræðslufundur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk.
- Kynning á skipulagi skólastarfs og námsefnis í lok september fyrir foreldra allra árganga.
- Morgunfundur fyrir foreldra um skólastarfið fyrir alla árganga í nóvember og mars.
- Sjálfsmat nemenda og markmiðssetning sem foreldrar taka þátt í.
- Þátttaka skólaráðs í innra mati skólans á skólastarfinu og gerð starfsáætlunar á grundvelli þess.
- Foreldrar/forráðamenn taki virkan þátt í bekkjarstarfi, t.d. með því að skipuleggja bekkjarkvöld eða aðrar upptökur í starfi einstakra bekkja eða árganga.

2.5.3. Mat

Samkvæmt könnun á viðhorfum foreldra til skólastarfs í grunnskólum, sem gerð var af Menntasviði vorið 2008 og í mars 2010, í spurningunni „Ertu almennt ánægð(ur) eða óánægð(ur) með upplýsingagjöf skólans“ segja 90,3% vera ánægðir og 6,5% hvorki né, en árið 2010 segjast 81,7% vera ánægðir og 10,0% hvorki né. Þegar spurt var í sömu könnunum hvort upplýsingar á heimasíðu skólans væru gagnlegar segja foreldrar 2008 37,1% mjög gagnlegar og frekar gagnlegar 59,7% eða samtals 96,8%. Í sömu spurningu 2010 segja 35,6 mjög gagnlegar og frekar gagnlegar 52,5% samtals 88,1%. Samkvæmt sömu könnun sögðust 100% foreldra fá upplýsingar í tölvupósti. Í viðhorfakönnun sem skólinn gerði meðal foreldra í október 2010 kemur fram, þegar þeir eru spurðir hversu ánægðir þeir séu með skólann, segjast 43% vera mjög ánægðir og 49,7% frekar ánægðir sem þýðir að 92,7% eru ánægðir eða frekar ánægðir.

2.5.4 Aðgerðir til umbóta

Í umbótaáætlun skólans kemur fram að stefnt er að markvissum heimsóknum foreldra í skólann að frumkvæði kennara, og þá sérstaklega til að kynna sér hvað börnin eru að gera. Fundað verður reglulega með kennurum og stjórnendum á hverju stigi og gerð áætlun um hvenær hægt er að bjóða foreldrum inn í skólann, á skólatíma og utan skólatíma.

Upplýsingaflæði til foreldra þarf að auka og markmiðið er að foreldrar fái reglulega sendar upplýsingar frá öllum kennurum um skólastarfið í þeim greinum sem þeir kenna.

3. Verklag

Í þessum kafla er fjallað um áherslur skólans og framkvæmd skólastarfsins. Sagt er frá skólanámskrá og markmiðum hennar, greint frá hvort og hvernig skólinn starfar eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og gerð grein fyrir fjölbreyttum kennsluháttum. Jafnframt gerð grein fyrir námsmati, heimasíðu og heilnæmu skólaumhverfi.

3.1 Skólanámskrá

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 29 kemur fram að skólanámskrá skuli vera nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið skólastarfs, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs, tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig unnið er að því að skapa góðan skólabrag. Skólanámskrá skólans er að finna á heimasíðu hans. Einnig er hún kynnt foreldrum á kynningarfundum í byrjun skólaárs.

3.1.1 Markmið

Markmið skólanámskrár er að birta upplýsingar um:

- Gildi sem starf skólans byggir á.
- Stefnu skólans um nám og kennsluhætti.
- Hvernig komið er til móts við börn með ólíka námsgetu.
- Markmið námsgreina og árganga byggð á aðalnámskrá.

3.1.2 Framkvæmd

Skólanámskrá Vogaskóla er sett fram í þremur hlutum, handbók starfsmanna, starfsáætlun og kennsluáætlanir. Í handbók starfsmanna er námari lýsing á ýmsum verk- og vinnuferlum fyrir starfsfólk. Í starfsáætlun Vogaskóla er gerð grein fyrir skóladagatali, þar er stefna skólans, sérstaða og skipulag skólastarfsins kynnt. Einnig er þar að finna upplýsingar um stoðþjónustu, agamál og samskipti við heimilin og grenndarsamfélagið

Kennsluáætlanir eru nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla, námsmarkmið hvers árgangs eru sett fram ásamt áætlun um það sem nemendur munu læra á skólaárinu í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla (2006) og stefnu Vogaskóla. Þar eru kynnt meginmarkmið í hverri námsgrein, efnisþættir, leiðir að markmiðum, kennslaðferðir og hvernig námsmati er háttað. Í Endurskoðun skólanámskrár er unnin í samvinnu við skólaráð og er birt á heimasíðu skólans.

3.1.3. Mat

Skólanámskráin er í sífelldri endurskoðun útfrá gátlistum Menntasviðs. Að vori fara stjórnendur yfir skólanámskrána og breytingatillögur eru kynntar kennurum. Skólaráð les starfsáætlun skólans yfir og gerir athugasemdir. Á síðasta ári var gert Heildarmat á skólanum á vegum Menntasviðs Reykjavíkur. Þar kom fram að starfsáætlun Vogaskóla er í fullu samræmi við þær kröfur sem sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir í grunnskólum Reykjavíkur. Einnig að markmið námsgreina er sett fram í náms- og kennsluáætlunum fyrir hvern árgang og hverja námsgrein. Námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla. Ábendingar komu fram í heildarmatinu um að það vanti upplýsingar um mat á skólastarfi og þróunarstarf, einnig um sérkennslu og móttöku nýbúa.

3.1.4 Aðgerðir til umbóta

Skólanámskráin er í stöðugri endurskoðun eins og áður hefur komið fram. Unnið hefur verið með þær ábendingar sem fram komu í heildarmatinu og upplýsingar uppfærðar um leið og þær berast.

3.2. Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Námsver Vogaskóla hefur hugmyndafræði að skóla án aðgreiningar (inclusion) að leiðarljósi (Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir 1995) þar sem nám við hæfi er í forgrunni eða líkt og segir í 17. gr. laga um grunnskóla (2008): *Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.*

Skólinn kemur til móts við sérþarfir nemenda (Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu 2002) og stefnt er að fjölbreytni og sveigjanleika í leik og starfi.

3.2.1. Markmið

Í reglugerð um nemendur með sérþarfir frá 2010 segir að, með *skóla án aðgreiningar* sé átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Námsver Vogaskóla hefur hugmyndafræði um skóla fyrir alla að leiðarljósi þar sem nám við hæfi er í forgrunni. Markmið sérkennslunar er að hún sé tímabundin og að nemendur nái færni sem gerir þeim kleift að takast á við verkefni án stuðnings. Sveigjanleiki er hafður að leiðarsljósi í námsveri og reynt að hafa stuðning/sérkennslu tímabundið og endurmeta þörf fyrir sérkennslu reglulega.

3.2.2 Framkvæmd

Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur og heldur utan um sérkennslu og nýbúakennslu, sinnir greiningum og sér um fyrirlögn ýmissa skimunarprófa. Út frá greiningum sérfræðinga, skimunarprófum, óskum foreldra og kennara er ákveðið hverjir fá sérkennslu. Sérkennslan í Vogaskóla er einkum veitt þeim sem þurfa sérstakan stuðning í lestri, íslensku og/eða stærðfræði. Lesver vinnur með snemmtæka íhlutun í yngstu bekkjunum og sértæka lestrarvinnu í öllum árgöngum. Ýmist er sérkennslan veitt inni í bekk eða í hóptímum í námsveri skólans. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir þá nemendur sem þurfa á þeim að halda. Sveigjanleiki er jafnan hafður að leiðarljósi og unnið er markvisst í samvinnu við foreldra/forráðamenn. Námsverið leggur ríka áherslu á samvinnu við heimilin þar sem nemendur og starfsfólk nýtur ávinnings af því.

Námsverið veitir margþætta þjónustu:

- Ráðgjöf og stuðning fyrir kennara og foreldra.
- Sérkennsla fyrir nemendur í íslensku og stærðfræði.
- Kennsla fyrir nemendur sem þurfa aðlagð námsefni í ákveðnum námsgreinum.
- Les- og stærðfræðigreiningar.

Við skólann starfar námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur sem veita þjónustu eftir þörfum. Skólinn nýtir sér einnig þjónustu Þjónustumiðstöðvar hverfisins, heilsugæslunnar, Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Barna- og unglingsáæðeildar og fleiri stofnana.

3.2.3 Mat

Samkvæmt foreldrakönnun Menntasviðs 2008 eru 80% foreldrar þeirra barna sem fengu sérkennslu mjög ánægðir eða frekar ánægðir með sérkennsluna í sömu spurningu í mars 2010 eru 88,9% foreldrar ánægðir eða frekar ánægðir.

3. 3 Fjölbreyttir náms- og kennsluhættir

Hér kemur stutt umfjöllun um það hvernig skólinn hefur bregst við kröfum um fjölbreytta náms- og kennsluhætti sbr. lög um grunnskóla nr.91/2008, gr. 17.

3.3.1.Markmið

Eitt af markmiðunum í stefnu Vogaskóla er að hver og einn fái nám við hæfi og áhersla á fjölbreytt námstækifæri. Markmið námsgreina eru sett fram í náms- og kennsluáætlunum fyrir hvern árgang og hverja námsgrein. Námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla 2006.

3.3.2 Framkvæmd

Í kennsluáætlunum er sérstakur kafli um kennsluhætti. Tilgreindar eru fjölbreyttar leiðir í námi og kennslu en útfærslan er mismunandi eftir greinum og árgöngum.

Í handbók kennara er gátlisti þar sem minnt er á að huga að fjölbreyttum kennsluáferðum og áhersluþáttum skólans sem eru; gagnvirkur lestur, Klim samvinnuáferð, hugarkort, söguaðferð og byrjendalæsi.

List- og verkgreinar eru kenndar í lotum 9 -14 vikur í senn í 1. – 8. bekk. Samkennsla er að hluta til í 2. – 7. bekk og í 1. – 7. bekk er söguaðferðin markvisst notuð ásamt hringekju. Allir árgangar nýta hugarkort, gagnvirkan lestur og Klim samvinnuáferðina og í 1. - 3. bekk var byrjað á þróunarvinnu í byrjendalæsi. Valgreinar eru í boði fyrir 9. og 10. bekk. Nemendur sem stunda tónlistarnám, myndlistanáms dans og ýmsar íþróttir geta sótt um að fá það metið sem valgrein. Íþróttir eru kenndar 2 tíma á viku í samkennslu hjá 2. – 7. bekk. Sund er kennt hálfan veturinn fyrir alla árganga.

Í kennsluáætlunum kemur fram að námið er einstaklingsmiðað og nemendur vinna eftir eigin getu og hraða.

Upplýsingaver er staðsett miðsvæðis í skólanum í nýju byggingunni. Stefnt er því að nemendur eigi sem greiðastan aðgang í upplýsingaverinu og geti sjálfir aflað sér þekkingar

3.3.3 Mat

Í Heildarmati Menntasviðs Reykjavíkur vorið 2010 kemur fram í úttekt að í yngri bekkjum eru oftast tilgreindar fjölbreyttar leiðir og þær sem áhersla er á í stefnu og markmiðum skólans en á miðstigi og unglingastigi er lýsing á kennsluháttum almennt knappari. Fjölbreyttust voru vinnubrögðin á yngsta stigi. Á miðstigi voru algengustu vinnubrögðin verkefnavinna undir stjórn kennara og í unglingadeild til jafns innlögn og umræður og svo verkefnavinna undir stjórn kennara. Í viðhorfakönnun kennara í febrúar 2011 töldu kennarar að fjölbreyttum kennsluáferðum væri beitt.

3.3.4 Aðgerðir til umbóta

Kennsluáætlanir verða að vera markvissari og þeim þarf að fylgja betur eftir. Samkvæmt niðurstöðum heildarmats þarf að auka fjölbreyttni í kennsluháttum kennsluháttum á mið- og unglingastigi. Einnig þarf að setja niður leiðir til að auka ábyrgð nemenda á eigin námi.

3.4 Námsmat

Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, gr. 27, er fjallað um að tilgangur námsmats sé að fylgjast með hvort nemendum takist að ná markmiðum Aðalnámskrár og eigin námsmarkmiðum, örva nemendur til framfara og meta hvaða nemendur þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

3.4.1. Markmið

Markmiðið með námsmatinu er þrjúþætt:

1. Að auka ábyrgð nemenda á eigin námi með sjálfsmati og markmiðssetningu.
2. Að auka ábyrgð foreldra á námi barna sinna.
3. Að gefa leiðbeinandi mat um stöðu nemandans þannig að matið nýtist bæði kennara og nemanda til að gera úrbætur ef þörf er á.

3.4.2 Framkvæmd

Til að koma til móts við Aðalnámskrá og grunnskólalög er námsmati í Vogaskóla skipt upp í símat/leiðsagnarmat og lokamat. Námsmat í Vogaskóla fer ekki eingöngu fram í lok annar, heldur fer símatið fram allan veturinn. Formlegt námsmat fer fram tvisvar á skólaárinu í janúar og júní. Tvisvar á vetri, um miðja önn, eru mats dagar. Þá meta nemendur sig sjálfir, ásamt því að fá mat frá foreldrum og kennurum. Í október og janúar er námsmati fylgt eftir með

foreldradegi þar sem foreldrar, kennarar og nemandi fara yfir stöðuna í námi barnsins. Við lokamat í júní er stuðst við vinnueinkunn, safneinkunn, annareinkunn og árseinkunn í júní. Á yngsta stigi er lögð áhersla á matslista í stað einkunna. Merkt er inn á matslista í íslensku og stærðfræði eftir getu hvers og eins. Þannig geta foreldrar/forráðamenn og kennarar fylgst náið með hvort nemandinn hafi tileinkað sér þá þætti sem unnið er með í skólanum. Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir í þremur árgöngum, 4., 7. og 10. bekk. Könnunarpróf í íslensku og stærðfræði eru lögð fyrir í 4. og 7. bekk. Þeim er ætlað að mæla kunnáttu og færni nemenda miðað við jafnaldra þeirra. Niðurstöður þessara kannana eru upplýsandi fyrir nemendur, foreldra og kennara og á þeim er hægt að byggja áframhaldandi nám.

Í 10. bekk taka nemendur samræmd könnunarpróf í þremur greinum: íslensku, stærðfræði, ensku. Reglur um samræmd próf og inntökuskilyrði framhaldsskólanna eru kynntar nemendum í 9. bekk og foreldrum þeirra að vori.

Nemendur í námsveri fylgja alltaf námsmati bekkjar nema annað sé ákveðið af foreldrum, umsjónarkennara og deildarstjóra sérkennslu.

3.4.3 Mat

Námsmatið er í stöðugri endurskoðun og rætt á námsmatsfundum sem eru einu sinni í mánuði. Þróunarstarf var í gangi þar sem kennarar úr hverfi 2 voru í sameiningu að ræða og þróa námsmat.

3.4.4 Aðgerðir til úrbóta

Vinna í námsmati verða næsta vetur á vikulegum samstarfsfundum og faggreinafundum

3.5 Heimasíða

Hér er fjallað um til hvers er ætlast af skólanum í virkri upplýsingamiðlun, sjá stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkur.

3.5.1. Markmið

Markmið með heimasíðunni er að miðla upplýsingum um sem tengjast skólanum og skólastarfinu til forráðamanna nemenda skólans. Allt sem viðkemur stefnu, markmiðum og stoðþjónustu skólans er uppfært reglulega ásamt upplýsingum um skólann og starfsfólk. Fréttir og myndir af skólastarfinu birtast reglulega á heimasíðunni. Skólinn stefnir að því að halda úti vel uppfærðri heimasíðu með upplýsingum um skólastarfið í heild sinni, fréttum og þjónustu.

3.5.2. Framkvæmd

Heimasíðan er þannig uppbyggð að efst eru flípar þar sem finna má upplýsingar um stefnu skólans, skólanámskrá stoðþjónustu, sjálfsmat, umbóta- og eineltisáætlun. Þar er einnig að finna upplýsingar um starfsfólk skólans. Vinstra megin á síðunni eru flípar með upplýsingum um skólaráð, kennsluáætlanir, tengla inná ýmsar síður sem nýtast nemendum, foreldrum og kennurum. Skólanámskrá er reglulega uppfærð ásamt upplýsingum um skólann. Fréttir úr skólastarfinu er settar inn jafnt og þétt ásamt myndum og birtast þær á forsíðu. Foreldrafélagið er með aðgang að síðunni og setur inn fréttir og upplýsingar ætlaðar forráðamönnum. Hægt er að tilkynna um leyfi og veikindi gegnum heimasíðuna og daglega birtast upplýsingar um hvað er í matinn.

3.5.3. Mat

Samkvæmt viðhorfskönnun foreldra var mikill meirihluti foreldra ánægðir með heimasíðuna. Í viðhorfskönnun foreldra kom fram að 24% foreldra sögðu hvorki né þegar þeir voru spurðir um hvort þeir væru ánægðir með heimasíðu Vogaskóla. Leggja þarf áherslu á að kynna heimasíðuna vel og fá foreldra til þess að fara oftar inn á hana því samkvæmt teljurum á heimasíðunni má sjá að ekki er mikill fjöldi að fara inn á hana í viku hverri.

3.5.4 Úrbætur

Tekið er mið af niðurstöðum kannanna og úrbætur gerðar þar sem þeirra er þörf.

3.6 Heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Hér er greint frá því til hvers ætlast er af skólanum varðandi umhverfisstefnu og áherslu á holla lífshætti, hafið til hliðsjónar hvað segir í lögum, aðalnámskrá og stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkur og stefnu menntaráðs Reykjavíkur.

3.6.1. Markmið

Leiðarljós Vogaskóla era ð skólinn í samvinnu við heimilin vinni að því að efla ábygra hegðun og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins.

3.6.2. Framkvæmd

Útikennsla er hluti af námi nemenda í 1., 3. og 6., 7. bekk.

Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi í öllum skólastofum og brunaæfingar haldnar á hverju hausti. Áhættumat liggur fyrir og farið hefur verið yfir það með vinnuhverfisvísi Vinnueftirlitsins.

3.6.3. Mat

Í úttekt vinnueftirlits kemur fram að allir þættir sem við eiga í vinnuumhverfi skólans teljast vera í lagi.

3.6. 4. Aðgerðir til umbóta

Unnið er að því að móta umhverfisstefnu eða umhverfissáttmála Vogaskóla. Fara þarf yfir öryggisþætti vegna áhættumats.

4. Mannauður

4.1. Mannauður

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 gr. 12 kemur fram að starfsfólk grunnskóla skuli rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurð í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Starfsfólk grunnskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Í stefnu Reykjavíkurborgar í mannauðsmálum er lögð áhersla á árangursríka stjórnunarhætti, jákvætt starfsumhverfi sem hvetur til starfsþróunar, eftirsóknarverðan starfsvettvang og jákvæða starfsímynd og hæfa starfsmenn sem njóta símenntunar í samræmi við stefnumótun.

Stefnt er að því að Vogaskóli verði eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfsfólk nýtur sín og því líður vel. Einnig er stefnt að því að Vogaskóli hafi alltaf á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum sem sýna frumkvæði í störfum, veita góða þjónustu og bregðast við síbreytilegum þörfum skólastarfsins.

4.1.1. Markmið

Í Vogaskóla eru meginmarkmið í mannauðsmálum byggð á stefnu Menntasviðs Reykjavíkur.

Stefnt er að því að vinnubrögð séu lýðræðisleg og að virðing ríki fyrir skoðunum annarra.

-
- **Leiðarljós er:**
- Að Vogaskóli hafi ætíð yfir að ráða hæfu, áhugasömu og dugmiklu starfsfólki sem er tilbúið að leggja sig allt fram til að ná sem bestum árangri fyrir Vogaskóla.
- Virðing fyrir fólki
- Að virkja starfsfólk til að móta og bæta starfsemi Vogaskóla.

- Að starfsandinn í Vogaskóla einkennist af samvinnu og sveigjanleika í starfi.
- Vogaskóli verði eftirsóknarverður vinnustaður og standi undir væntingum starfsmanna sinna varðandi möguleika á framförum og þróunar í starfi.
- Að áhersla verði á góðan starfsanda sem einkennist af jákvæðum og hvetjandi samskiptum, óþvinguðu andrúmslofti og skilvirkri upplýsingamiðlun.
- Að samskiptin einkennist af heilindum, trausti, hjálpsemi og háttvísi.
- Að starfsfólk sýni ábyrgð í starfi.
- Að starfað sé í anda jafnræðis og jafnréttis.
- Að vinnuumhverfið verði krefjandi og starfsfólk viðhaldi þekkingu sinni og auki við hana
- Að starfsmenn sinni starfi sínu af trúmennsku og metnaði.

4.1.2. Framkvæmd

Vogaskóli hefur áætlun um móttöku nýrra starfsmanna. Nýr starfsmaður fær kynningu á stefnu skólans og sérstöðu hans. Starfsmaðurinn fær í hendur starfsáætlun skólans og handbók starfsmanna. Jafnframt er leitast við að finna reyndan starfsmann sem hinn nýi starfsmaður getur leitað til fyrstu vikurnar í starfi.

Starfsmaður er boðaður í starfsmannasamtal tveimur mánuðum eftir að hann hefur hafið starf þar sem hann fær tækifæri til að ræða við yfirmann sinn. Í því samtali fer fram mat á störfum starfsmannsins og samstarfinu og fundnar leiðir til að styðja starfmanninn við að komast enn betur inn í starfið ef þess gerist þörf.

Við skólann starfar starfsmannafélag sem heldur utan um félagsstarf starfsfólks.

4.1.3. Mat

Í viðhorfakönnun sem framkvæmd var meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar vorið 2009 fékk fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægður í starfi“ gildið 4,38 í Vogaskóla sem er á styrkleikabili og ofar heildarmeðaltali grunnskóla borgarinnar (4,27)⁶. Heildarstarfsánægja í Vogaskóla hækkaði milli árána 2008 og 2009 (var 3,71). Spurningin „Það er góður starfsandi á mínum vinnustað“ fékk gildið 4,47 sem er ofar heildarmeðaltali (4,33). Svarhlutfall skólans í viðhorfakönnuninni 2009 var 80%.

Í rýnihópum og viðtölum í Heildarmati Menntasviðs kom fram að góður starfsandi væri á vinnustaðnum, fólk liði þar almennt vel og starfið einkenndist af umhyggju, hlýju og virðingu. Viðhorfin væru lausnarmiðuð og vel væri tekið á móti nýju starfsfólki. Stöðugleiki hefði verið í starfsmannahaldi og mikil nálægð nemenda og starfsmanna vegna stærðar skólans. Í viðhorfakönnun

meðal starfsmanna vorið 2009 svaraði enginn því játandi að hafa orðið fyrir áreitni eða einelti af hálfu samstarfsfólks.

4.1.4. Aðgerðir til umbóta

Starfsmannasamtöl verða endurskoðuð og framkvæmd þeirra. Reynt verður að dreifa meiri ábyrgð til kennara er kemur að ákvörðunartöku er varða fagleg málefni eins og námsefni og námsmat.

4.2. Samstarf

Virðing, samvinna og ábyrgð eru einkunnarorð og leiðarljós í starfi Vogaskóla. Starfið á að einkennast af samvinnu nemenda, foreldra og starfsfólks.

4.2.1. Markmið

Markmið samstarfs í Vogaskóla er að kennarar, hafi sameiginlega ábyrgð á námi og líðan nemenda Þeir vinna sameiginleg að skipulagi og undirbúningi. og í stefnumótunarvinnu til að starfsfólk sé samstiga í skólastarfinu.

4.2.2. Framkvæmd

Á stundatöflu eru fastir tímar sem áætlaðir eru til samstarfs. Teymisfundir hafa fastan fundartíma á fimmtudögum og teymisstjórar funda með skólástjórnendum einu sinni í mánuði. Fundir á yngsta stigi um Byrjendalæsi er einu sinni í mánuði. Stigsfundir eru tveir í mánuði og starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði. Almennir kennarafundir eru einu sinni í mánuði. Þá eru haldnir fundir um einstök verkefni eins og Olweusar eineltisáætlunina.

4.2.3. Mat

Í viðhorfakönnuninni 2009 fékk fullyrðingin, „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ gildið 4.28 sem er á styrkleikabili. Fullyrðingin „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“ mældist einnig á styrkleikabili. Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum. Í heildarmati Menntasviðs kom fram í rýnihópum kennara að þeim finnst ekki nógu mikið samstarf á milli stiga en að hópurinn væri þó þéttur og auðvelt að sækja stuðning til samstarfsmanna.

4.2.4. Aðgerðir til umbóta

Að auka samstarf milli árganga. Kennarar hittast áfram á teymisfundum einu sinni í viku og fara yfir skipulag.

4.3 Starfsmenn og líðan

Framtíðarsýn og áherslur liggja í einkunnarorðum skólans virðingu, samvinnu og ábyrgð. Með þessum gildum sýnum við starfsfólki hlýhug og getum því skapað ákveðin starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi.

4.3.1 Markmið

Leiðarljós Vogaskóla er:

- Virðing fyrir fólki og að virkja þá til að móta og bæta starfsemi Vogaskóla.
- Að starfsandinn í Vogaskóla einkennist af samvinnu og sveigjanleika í starfi.
- Vogaskóli verði eftirsóknarverður vinnustaður og standi undir væntingum starfsmanna sinna varðandi möguleika á framförum og þróunar í starfi.
- Að áhersla verður á góðan starfsanda sem einkennist af jákvæðum og hvetjandi samskiptum, óþvinguðu andrúmslofti og skilvirkri upplýsingamiðlun.
- Að samskiptin einkennist af heilindum, trausti, hjálpsemi og háttvísi.

4.3.2 Framkvæmd

Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði þar sem allir starfsmenn eru mættir. Reynt er að hafa alltaf eitthvað uppbyggilegt fundarefni ásamt því að skapa ánægjulegt andrúmsloft með því að bjóða upp á tilbreytingu í meðlæti og einnig hefur starfsfólk verið með kaffisölu til fjáröflunar starfsmannafélags Vogaskóla. Stjórnendur hafa einnig auglýst þaulskipulagða fundi en verið svo með óvæntar uppákomur sem mælst hafa vel fyrir.

4.3.3. Mat

Í viðhorfakönnun sem framkvæmd var meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar vorið 2009 fékk fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægður í starfi“ gildið 4,38 í Vogaskóla sem er á styrkleikabili og ofar heildarmeðaltali grunnskóla borgarinnar (4,27). Heildarstarfsánægja í Vogaskóla hækkaði milli ára 2008 og 2009 (var 3,71). Spurningin „Það er góður starfsandi á mínum vinnustað“ fékk gildið 4,47 sem er ofar heildarmeðaltali (4,33). Svarhlutfall skólans í viðhorfakönnuninni 2009 var 80%.

Í heildarmati MSR á skólastarfi í Vogaskóla kom fram að góður starfsandi væri á vinnustaðnum, fólki liði þar almennt vel og starfið einkenndist af umhyggju, hlýju og virðingu. Viðhorfin væru lausnarmiðuð og vel væri tekið á móti nýju starfsfólki. Stöðugleiki hefði verið í starfsmannahaldi. Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2009 svaraði enginn því játandi að hafa orðið fyrir áreitni

eða einelti af hálfu samstarfsfólks. Þegar þátttakendur í rýnihópum voru beðnir um að nefna helstu kosti skólans nefndi fólk góðan og metnaðarfullan starfsmannahóp, jákvætt andrúmsloft, faglegt starf og staðsetningu skólans. Einnig var talað um að gamlar og grónar hefðir hefðu verið hafðar í heiðri og fram kom ánægja með mötuneytið. Almennt taldi fólk stöðu skólans í hverfinu vera sterka.

4.3.4 Aðgerðir til umbóta.

Unnið verður áfram í anda umbótaáætlunar „Frá orðum til athafna“ þar sem nokkur árangur hefur náðst. Hlutverk stjórnenda er að vera ávallt á tánum er kemur að líðan og starfsánægju starfsfólks og er það eilífur línudans.

4.4 Símenntun

Í 12. Grein grunnskólalaga nr. 91/2008 er kveðið á um að hver skóli móti sér áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

4.4.1. Markmið

Meginmarkmið er að starfsfólk fái símenntun í samræmi við stefnu skólans og að starfsfólk geti notið símenntunar eftir áhugasviði sínu sem nýtist í starfi Símenntunaráætlunin tengist markmiðum er sett hafa verið í umbótaáætlun. Megináhersla er á lestur, lífsleikni- og jafnréttisfræðslu, kannanir og sjálfsmat og fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti.

4.4.2. Framkvæmd

Símenntunaráætlun Vogaskóla skólaárið 2010 –'11, tengdist fyrst og fremst þeim markmiðum sem sett voru fram í umbótaráætlun skólans. Hún tók mið af stefnu skólans og þarfa nemenda. Einstaklingsmiðuð símenntun starfsmanna var í samráði við skólastjóra og í ýmsu form i svo sem námskeiði, ráðstefnum, fræðslufundum, og lestri fagrita og fl. Starfsfólk sótti námskeið Menntasviðs Reykjavíkur um margvísleg efni. Jafningjafræðsla var þar sem kennarar miðluðu reynslu sinni og vinnu fyrir kennarahópnum.

4.4.3. Mat

Í viðhorfakönnuninni vorið 2009 mælast viðhorf starfsmanna gagnvart tækifærum til símenntunar aðeins jákvæðari en árið áður.

Skólinn fékk gildið 3,95 við fullyrðingunni „Ég hef fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum“ sem er aðeins lægra en heildarmeðaltalsgildi MSR (4,04). Gildi fullyrðingarinnar um gagnsemi símenntunar „Sú símenntun (fræðsla eða þjálfun) sem ég

hef fengið nýttist vel í starfi“ var nálægt meðaltali allra grunnskóla (3,81) og hækkaði frá fyrra ári. Tæplega þriðjungur starfsmanna svarar þó hvorki né við spurningu um hvort símenntun hafi gagnast. Fullyrðingin „Nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma“ fékk gildið 3,54 sem er aðeins hærra en heildarmeðaltalsgildi MSR (3,44) og hækkaði mikið frá 2008 (2,86).

Í heildarmatinu kom fram að almennir starfsmenn sögðust hafa sótt símenntun á Menntasvið og fengið aðra símenntun sem viðkemur starfinu í skólanum, s.s. skyndihjálp. Kennarar voru líka jákvæðir gagnvart símenntun, sögðu að ýmist væru námskeið í skólanum eða þau væru sótt út fyrir skólann. Stjórnendur væri hvetjandi og ýttu undir að kennarar fengju tækifæri til símenntunar.

Í viðhorfakönnuninni 2009 höfðu 90% þeirra sem svöruðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum. Viðhorf til gagnsemi samtalanna mældist lægri en að meðaltali í grunnskólum (3,43 miðað við meðaltalið 3,62). Um 49% svarenda töldu samtölin frekar eða mjög gagnleg en um 43% svarenda telja samtölin vera hvorki gagnleg né ógagnleg.

4.4.4. Aðgerðir til umbóta

Unnið verður áfram í anda umbótaáætlunar „ Kennarar verða áfram í Byrjendalæsi næsta vetur og áhersla verður á samvinnu og samstarf kennara.

5.Fjármál

5. Fjármál

Reykjavíkurborg leggur áherslu á markvissa fjármálastjórnun. Hvarvetna skal leitað hagkvæmstu leiða, með aðhald og skilvirkni að leiðarljósi. Í stefnu og starfsáætlun menntasviðs 2010 segir um fjármál að skólar skuli framfylgja góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármuna.

5.1.1. Markmið

Að standast fjárhagsáætlun skólans. Leita leiða til þess að gera sem hagkvæmust innkaup og gæta aðhalds í rekstri án þess þó að það bitni á gæðum skólstarfsins. Skólastjóri ber ábyrgð á að reka skólann innan fjárhagsheimilda.

5.1.2 Framkvæmd

Hvað hefur verið gert til að ná markmiðunum? Skólastjóri ásamt aðstoðarskólastjóra hittir fjármálastjóra Vogaskóla hálfsmánaðarlega þar sem farið er yfir stöðu mála undir hverjum lið. Úthlutun kennslumagns til skólans er samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs og miðast við nemendafjölda í skólanum. Aðrir þættir í fjárhagsáætlun ganga m.a. út frá starfsmannafjölda, stærð húsnæðis og nemendafjölda. Rekstraráætlun í upphafi almannaksárs tekur mið af fjárhagsáætlun og fylgst er vel með fjármálum skólans. Unnið er markvisst að því að gæta hagkvæmni í rekstri eins og innkaupum og notkun rafmagns og hita.

5.1.3. Mat

Skólastjóri fylgist með fjárhagsstöðu skólans og að áætlanir séu innan heimilda. Launaliðir eru yfirfarnir mánaðarlega á launaseðlum starfsmanna og gerðar athugasemdir ef þörf er á. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri gefa einir út beiðnir vegna innkaupa til skólans. Allir reikningar þurfa samþykki skólastjóra. Í Aggressó kerfinu er hægt að fylgjast með stöðu skólans á hverjum tíma. Umsjónarmaður fylgist með orkunotkun skólans. Undanfarin ár hefur verið nemendafækkun sem hefur valdið því að skólinn fór fram úr fjárhagsáætlun síðasta skólaár. Starfsfólki hefur verið bent á aðhaldsaðgerðir eins og að slökkva ljós þegar ekki er verið að nota stofuna, lágmarka ljósritun og nýta báðum megin og senda skilaboð um Mentor. Skólanámskrá, sjálfsmatsskýrsla og starfsáætlun eru eingöngu á netinu.

5.1.4. Aðgerðir til umbóta

Lögð verður áhersla á að halda skólanum innan fjárheimilda. Fylgst verður náið með fjárhagsstöðu skólans og aðhalds gætt. Settar verða ákveðnar reglur fyrir þá sem hafa heimild til að stofna til útgjalda í nafni skólans og yfirfarið með þeim. Starfsfólk verður áfram hvatt til að fara vel með og gæta aðhalds til að koma í veg fyrir umframeyðslu miðað við fjárhagsáætlun.

6. Umræða og greining á stöðu skólans

Í sjálfsmati Vogaskóla eru lagðar fram 4 matsspurningarspurningar sem eiga að ná yfir veigamestu þætti skólastarfsins.

Matsspurningarnar eru:

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?

Í foreldrakönnun sem gerða var vorið 2010 segjast 78% svarenda vera ánægð með stjórnunina, þar af 48% mjög ánægð. Meðaltalsánægja með stjórnun árið 2010 var 4.1 sem er aðeins yfir meðaltali í borginni. Almennt virðast starfsmenn þekkja stefnu og markmið skólans og foreldrar þekkja stefnu skólans ágætlega.

2. Eru kennsluhættir og mat á námi líklegt til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt árangur?

Árangur í lestri hefur hækkað frá árinu 2009 og er þar átaki í byrjendalæsi að þakka en árangur var undir meðallagi í Reykjavík 2009. Árangur samkvæmt talnalykli í 3. bekk er yfir meðaltali í Reykjavík. Árangur í samræmdum könnunarprófum er yfir landsmeðaltali og yfir meðaltali í Reykjavík. Framfarastuðull sýnir venjulegar framfarir. En miklar framfarir eru í stærðfræði í 10 bekk. .

3. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti, líðan og umhverfi.

Samkvæmt skólapúsli virðist nemendum almennt líða vel í skólanum. Áhugi á stærðfræði hefur aukist og einnig lestri. Þá hafa nemendur í Vogaskóla mikla trú á eigin getu og kvíði er minni en á landsvísu. Nemendur telja að góður bekkjarandi ríki í bekkjunum en að agi mætti vera meiri. Foreldrar mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4.1 í foreldrakönnun MSR sem er eins og meðaltal í Reykjavík. Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og er gerð eineltiskönnun árlega. Einelti hefur minnkað frá fyrra ári en meira einelti er meðal drengja en stúlkna. Nemendur telja þegar þeir eru spurðir að nýta mætti betur bekkjarfundi og umsjónartíma til að ræða mál af þessu tagi.

Í viðhorfakönnun MSR meðal starfsmanna kemur fram þegar spurt er um ánægju í starfi eru svör starfsmanna á styrkleikabili með gildið 4.38 Eins segist enginn starfsmaður hafa orðið fyrir einelti í skólanum. Starfsmenn telja að helstu kostir skólans að þar starfi metnaðarfullur starfsmannahópur og að jákvætt andrúmsloft ríki. Þeir telja að samráð við kennara mætti vera meira.

4. Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

Í úttekt Heildarmats MSR kemur fram að foreldrar telja sig almennt fá ágætar upplýsingar um skólastarfið frá kennurum, vikulega koma upplýsingar í Mentor, fréttabréf frá kennurum um

heimanám og fleira. Heimasíðan er einnig virkur fréttamiðill og 82% foreldra barna í skólanum eru ánægð með upplýsingaflæðið frá skólanum

6.1 sterkir og veikir

Styrkleikar Vogaskóla felast í því að markvisst hefur verið unnið að stefnumótun og skólaþróun undanfarin ár. Námsárangur er almennt góður og nemendum líður vel í skólanum. Skólinn kemur vel út úr foreldrakönnun 2010 og að mati kennara ríkir metnaður í skólastarfinu. Starfsfólk er almennt ánægt í starfi og er lítil starfsmannavelta.

Neikvæðir þættir eru að einelti mælist nokkuð meðal stráka og .þá sérstaklega á mið- og unglíngastigi. Þar sem nemendum hefur fækkað undanfarin ár þarf að gera breytingar á skipulagi. Ögrunin felst í því að nýta enn frekar kosti nýja skólahússins. Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum kennsluháttum og krefjandi verkefnum á öllum aldursstigum. Einnig að vinna að virkari þátttöku foreldra í skólastarfi.

7.Umbótaráætlun